



# Minnisblað

**Til:** Eysteins Haraldssonar, bæjarverkfræðings Garðabæjar

**Frá:** Vegagerðin, Pétur Sveinbjörnsson, strandverkfræðingur

**Dags:** 22. febrúar 2017

**Varðar:** Sjóvarnir - Álftanes

---

## Inngangur

Skoðunarferð var farin á nokkra staði á Álftanesi þar sem íbúar hafa lýst yfir áhyggjum af ágangi sjávar og telja þörf á vörnum. Ásamt undirrituðum voru Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur og Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri. Eftirtaldir staðir voru skoðaðir: Hliðsnes, vegur að Hliði, Lambhagi 14, Blikastígur og Skansinn. Hér að neðan eru nokkrir punktar um þá staði sem skoðaðir voru í ferðinni.


## Hliðsnes

Rofbakkinn er mjög nálægt veginum og gefur yfir hann reglulega ásamt því að þari berst upp á veginn. Einnig er rof hlémegin vegarins á köflum eftir að gefið hefur yfir veginn. Við samanburð loftmynda frá 2012 til 2016 er ekki að sjá mikið rof á því tímabili, en hinsvegar er rofið töluvert þegar borið er saman við loftmynd frá árinu 2000. Æskilegt er að svæðið verði varið á næstu árum.





Mynd 1 Hliðsnes, loftmynd frá árinu 2000



Mynd 2 Loftmynd frá árinu 2000






## Hlið

Svæði milli sjóvarnarinnar við Helguvík og úti við Hlið hefur meðfram vegi verið varið með grjóti sem hefur verið sturtað í kantinn meðfram veginum. Þetta grjót hefur haldið strandlínunni í jafnvægi á því svæði en hefur aðeins riðlast. Bent hefur verið á að vegurinn stendur nærri brúninni og hætta á að ekið verði framaf, ef sú hætta er aðalvandamálið eru ýmsar aðrar lausnir mögulegar.

Hinsvegar hefur rofið á þeim kafla sem er óvarinn, mest á um 50 m kafla þar sem rofið er 1-3 m, samtals um 110 m<sup>3</sup> á 16 árum. Þarna eru mannvirki ekki í hættu.

Svæðið í heild, alls 140 m, var metið í flokk D (til athugunar, geta samt sem áður verið æskileg eða jafnvel nauðsynlegt þótt síðar verði) við gerð sjóvarnarskýrslu árið 2011.



Mynd 3 Úr sjóvarnarskýrslu frá 2011, svæðið sem var skoðað er mekt D (140 m).



Mynd 4 Hlið, horft til austurs meðfram vegi þar sem bakki er nálægt vegi.



Mynd 5 Hlið, horft til austurs meðfram vegi, nálægt sjóvörn í Helguvík.




Mynd 6 Loftmynd frá árinu 2000, u.þ.b. strandlínan frá loftmynd 2016






2016



Mynd 7 Loftmynd frá árinu 2016

## Lambhagi 14

Samþanburður loftmynda við Lambhaga sýnir að eitthvað rof hefur átt sér stað, þó ekki virðist það gerast hratt af loftmyndum að dæma. Athygli vatki að þar sem kambur er hvað veikastur hefur líklega milli 2007 og 2008 verið veiktur innan frá með stækkun garðsvæðis. Æskilegt er að kamburinn verði varinn á næstu árum, samhliða öðrum verkum í sveitarfélaginu.









## Blikastígur

Við Blikastíg var á áætlun árið 2014 að styrkja og hækka sjóvörn sem þar er. Töluvert gefur yfir sjóvörnina og er þari sem berst inn á stíginn til mikilla vandræða. Þörf er á að hækka sjóvörnina.



*Mynd 8 Sjóvörn við Blikastíg*





## Skansinn

Sjóvörn við Skansinn var á áætlun fyrir árið 2017, en var skorið niður við gerð fjárlaga í árslok 2016. Ölduálag sjávar við Skansinn er ekki mikið, svæðið er að miklu leyti í skjóli frá Kasttanga og Lönguskerjum. Við samanburð loftmynda frá 2000 og 2016 af svæðinu er ekki að sjá mikið rof á þeim tíma.



Mynd 9 Við Skansinn







Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026